JÚPÍTER
REKSTRARFÉLAG

# Veðskuld slhf.

# Ársreikningur 2017

Veðskuld slhf.
Borgartúni 29
105 Reykjavík
kt. 640713-1510

# Efnisyfirlit

## Ársreikningur - Veðskuld slhf.


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3 - 4 |
| Rekstrarreikningur ársins 2017 | 5 |
| Efnahagsreikningur 31. desember 2017 | 6 |
| Sjóðstreymi ársins 2017 | 7 |
| Skýringar | 8 - 10 |

# Skýrsla stjórnar

Veðskuld slhf. er íslenskt samlagshlutafélag. Tilgangur er fjárfesta í veðskuldabréfum, jafnframt kaup og sala fjármálagerninga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Veðskuld slhf. er fagfjárfestasjóður í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf.
Ársreikningur Veðskuldar slhf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

**Rekstur og fjárhagsstaða**

Hagnaður árins nam 379 m.kr. og eigið fá sjóðsins í lok ársins var 418 m.kr.

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstrur er í höndum Júpíters rekstrarsfélags hf.

Hlutfé félagsins var lækkað á árinu úr 9.000 m.kr. í 4 m.kr. Félagið átti engin eigin bréf en hluthafa voru þeir sömu í byrjun árs og í lok árs.

| | 31.12.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Birta lífeyrissjóður | 19,90% | 35,84% |
| Lífeyrissjóður Verslunarmanna | 19,90% | 19,90% |
| Kvika banki hf. | 15,94% | 0,00% |
| Lífeyrissjóður Starfsmanna Ríkisins A-deild | 11,94% | 11,94% |
| Stapi lífeyrissjóður | 7,97% | 7,97% |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 7,12% | 7,12% |
| Lífeyrissjóður Starfsmanna Ríkisins B-deild | 6,96% | 6,96% |
| Lífeyrissjóður Verkfræðinga | 3,19% | 3,19% |
| Lífeyrissjóður bænda | 1,49% | 1,49% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans | 1,38% | 1,38% |
| Eftirlaunasjóður F.Í.A. | 1,28% | 1,28% |
| Lífeyrissjóður Hjúkrunarfræðinga | 0,99% | 0,99% |
| Lífeyrisauki 3 - Arion banki | 0,53% | 0,53% |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 0,43% | 0,43% |
| Lífeyrisauki 4 - Arion banki | 0,32% | 0,32% |
| Lífeyrisauki 1, 2 og innl. skuldabréf | 0,29% | 0,29% |
| Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar | 0,23% | 0,23% |
| Okkar líftryggingar | 0,10% | 0,10% |
| Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands | 0,04% | 0,04% |
| Veðskuld GP ehf. | 0,00% | 0,00% |
| | 100,00% | 100,00% |

**Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningur félagsins gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2017 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2017.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 14. febrúar 2018

Stjórn:

Framkvæmdastjóri

# Aritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Veðskuld slhf.

**Álit**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Veðskuld slhf. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á hreinni eign á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þarber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

**Grundvöllur fyrir áliti**

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Veðskuld slhf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdarstjóra á ársreikningnum**

Stjórn og framkvæmdarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Veðskuld slhf. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það. Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

# Aritun óháðs endurskoðanda

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbygginguu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 14. febrúar 2018

**Baker Tilly Rýni**

Gunnar Þór Ásgeirsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Fjármunatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 592.442.161 | 564.337.502 |
| Vaxtagjöld | | (206.716.781) | (9.230) |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 385.725.380 | 564.328.272 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Umsýsluþóknun | | 29.228.290 | 42.336.900 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 4.186.091 | 1.367.168 |
| Niðurfærsla veðskuldabréfa | | (17.184.800) | 17.184.800 |
| **Rekstrargjöld** | | 16.229.581 | 60.888.868 |
| **Afkoma ársins** | | 369.495.799 | 503.439.404 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar:** | | | |
| Verðbréf með föstum tekjum | 3. | 7.991.699.848 | 8.982.921.289 |
| **Verðbréf** | | 7.991.699.848 | 8.982.921.289 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóðir og bankainnstæður | | 279.417.996 | 676.606.324 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 129.252.379 | 79.189.870 |
| **Aðrar eignir** | | 408.670.375 | 755.796.194 |
| **Eignir alls** | | 8.400.370.223 | 9.738.717.483 |

| Eigið fé og skuldir | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | 5. | 4.000.000 | 9.000.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 1.000.000 | 73.513.568 |
| Óráðstafað eigið fé | | 403.407.992 | 661.398.625 |
| **Eigið fé alls** | | 408.407.992 | 9.734.912.193 |
| **Skuldir:** | | | |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldabréfaútgáfa | 4. | 7.979.400.217 | 0 |
| | | 7.979.400.217 | 0 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | | 12.562.014 | 3.805.290 |
| **Aðrar skuldir alls** | | 7.991.962.231 | 3.805.290 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | | 8.400.370.223 | 9.738.717.483 |

# Yfirlit yfir sjóðstreymi ársins 2017

| | Skýr. | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afkoma ársins | | 369.495.799 | 503.439.404 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Niðurfærsla | | (17.184.800) | 17.184.800 |
| | | 352.310.999 | 520.624.204 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) | | (50.062.508) | (31.951.823) |
| Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) | | 8.756.723 | 21.215 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | (41.305.785) | (31.930.608) |
| **Handbært fé frá (til) rekstri** | | 311.005.214 | 488.693.596 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keypt/seld veðskuldabréf og afborganir | | 1.008.406.241 | (5.062.472.047) |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | 1.008.406.241 | (5.062.472.047) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Útgáfa skuldabréfs | | 9.079.400.217 | 0 |
| Greiddar afborganir af skuldabréfi | | (1.100.000.000) | 0 |
| Innborgað hlutafé | | 0 | 4.000.000.000 |
| Hlutafjárlækkun | | (8.996.000.000) | 0 |
| Arðgreiðsla | | (700.000.000) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | (1.716.599.783) | 4.000.000.000 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | (397.188.328) | (573.778.451) |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 676.606.324 | 1.250.384.775 |
| **Handbært fé í lok ársins** | | 279.417.996 | 676.606.324 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Veðskuld slhf. er fagfjárfestasjóður í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Veðskuldar slhf. fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða útgefnar af Fjármálaeftirlitinu.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum ársreiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaða sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlar samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerninga en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

### Umsýsluþóknanir

Sjóðurinn greiðir Júpíter rekstrarfélagi hf. umsýsluþóknun sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

### Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili en er skattlagt með eigendum sínu.

Félagið er undanþegnið fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á

### Aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

### Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

### Aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Verðbréf með föstum tekjum

**Nafnávöxtun Veðskuldar slhf. á grundvelli tímabils m.v. lok árs 2017**

| | Síðustu 3 mánuði | Síðustu 6 mánuði | Síðustu 12 mánuði |
|---|---|---|---|
| Veðskuld slhf. | 1,50% | 3,40% | 6,30% |

| **Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutafjár:** | Bókfært verð 31.12.2017 | Bókfært verð 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Veðskuld slhf. | 408.407.992 | 9.734.912.193 |

**Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna sjóðsins og fjárfestingarstefnu:**

| | **Eign** 31.12.2017 | **Eign** 31.12.2016 | **Breyting** | **Fjárfestingastefna** **Lágmark** | **Hámark** |
|---|---|---|---|---|---|
| | **%** | **%** | | **%** | **%** |
| **Veðskuld slhf.** | | | | | |
| Skbr. stór Reykjavíkursvæði | 78,6 | 76,3 | 2 | 0 | 100 |
| Skbr. utan stór Reykjavíkursv. | 16,6 | 16,7 | (0) | 0 | 20 |
| Aðrar eignir | 1,5 | 0,0 | 2 | | |
| Reiðufé. | 3,3 | 7,0 | (4) | | |

Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting

| | **Annað** | | **Samtals** | |
|---|---|---|---|---|
| **Veðskuld slhf.** | **kr.** | **%** | **kr.** | % |
| Aðrir fjármálagerningar | 7.991.699.848 | 100 | 7.991.699.848 | 100 |
| | 7.991.699.848 | 100 | 7.991.699.848 | 100 |

Vanskil veðskuldabréfa

| | | **Virði 31.12.17** | **Hlutfall** |
|---|---|---|---|
| **Veðskuld slf.** | Veðskuldabréf í yfir 90 daga vanskilum | 114.583.752 | 5% |
| | Önnur veðskuldabréf | 7.877.116.096 | 95% |
| | **Samtals** | **7.991.699.848** | **100%** |
| | Varúðarniðurfærsla veðskuldabréfa | 0 | 0,0% |
| | **Heildarverðmæti** | **7.991.699.848** | |

## 4. Skuldabréfaútgáfa

| | |
|---|---|
| Skuldabréf óverðtryggt í ISK, 3,5% vextir | 7.979.400.217 |

Næst ársafborganir eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Árið 2018 | 357.835.529 |
| Árið 2019 | 278.435.312 |
| Árið 2020 | 278.435.312 |
| Árið 2021 | 278.435.312 |
| Árið 2022 | 278.435.312 |
| Síðar | 6.507.823.440 |
| | 7.979.400.217 |

## 5. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2017 | 9.000.000.000 | 73.513.568 | 661.398.625 | 9.734.912.193 |
| Hlutafjárlækkun | (8.996.000.000) | (72.513.568) | 72.513.568 | (8.996.000.000) |
| Greiddur arður | | | (700.000.000) | (700.000.000) |
| Afkoma ársins | 0 | 0 | 369.495.799 | 369.495.799 |
| Eigið fé í árslok 2017 | 4.000.000 | 1.000.000 | 403.407.992 | 408.407.992 |